

## REIKNINGUR

### Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2008.

#### Rekstrarreikningur árið 2008.

<b>Tekjur</b>	<b>þús. kr.</b>
Framlag ríkissjóðs .....	12.394.268
Framlag sveitarfélaga .....	6.270.440
Sérstakt framlag félags- og tryggingamálaráðuneytis .....	<u>61.746</u>
Tekjur alls	<u>18.726.454</u>
<b>Framlög</b>	
Bundin framlög .....	1.211.782
Sérstök framlög .....	4.398.699
Jöfnunarframlög .....	7.098.621
Jöfnunarframlög til grunnskóla .....	<u>6.208.589</u>
Framlög alls	<u>18.917.691</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	
Laun og launatengd gjöld .....	6.762
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>53.037</u>
Rekstrarkostnaður samtals	59.799
Eignakaup .....	<u>355</u>
Framlög og gjöld alls	<u>18.977.845</u>
Rekstrarhalli .....	( 251.391)
Hreinar fjármagnstekjur .....	<u>371.985</u>
Tekjuafgangur ársins .....	<u><u>120.594</u></u>

#### Efnahagsreikningur 31. desember 2008.

<b>Eignir</b>	
<b>Veltufjármunir:</b>	
Ríkissjóður .....	0
Áfallnar vaxtatekjur .....	159.133
Aðrar skammtímakröfur .....	<u>165.681</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>324.814</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar .....	<u>1.223.532</u>
<b>Eignir alls</b> .....	<u><u>1.548.346</u></u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	
<b>Eigið fé:</b>	
Höfuðstóll .....	<u>732.948</u>

**Skammtímaskuldir:**

Ríkissjóður.....	53.424
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	15.913
Ógreidd framlög .....	210.230
Aðrar skammtímaskuldir .....	<u>535.831</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>815.398</u>
Skuldir samtals	<u>815.398</u>

**Skuldir og eigið fé alls**..... 1.548.346

**Sjóðstreymi árið 2008.**

**Rekstrarhreyfingar:**

*Veltufé frá rekstri:*

Rekstrarafgangur samkvæmt rekstrarreikningi.....	<u>120.594</u>
Veltufé frá rekstri	120.594

*Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:*

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun .....	( 165.251)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun .....	<u>81.449</u>
	<u>( 83.802)</u>

**Handbært fé frá rekstri** 36.792

**Fjármögnunarhreyfingar:**

*Breyting á stöðu við ríkissjóð:*

Framlag ríkissjóðs .....	( 12.394.268)
Greitt úr ríkissjóði .....	<u>12.696.748</u>
	<u>302.480</u>

Hækkun (lækkun) á handbæru fé ..... 339.272

Handbært fé í ársbyrjun ..... 884.260

Handbært fé í árslok ..... 1.223.532

**Staðfesting ársreiknings.**

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að veita sveitarfélögum framlög til jöfnunar á mismunandi tekjumöguleikum þeirra og útgjaldaþörf ásamt því að greiða lögbundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga.

Á grundvelli reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 113/2003 með síðari breytingum er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög og jöfnunarframlög til rekstrar grunnskóla.

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2008 var tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins 121 m.kr. Eignir alls námu 1.548 m.kr. í árslok. Skuldir alls voru 815 m.kr. og eigið fé 733 m.kr. í árslok.

Nr. 1026/2009

Samgönguráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2008 með áritun sinni.

Reykjavík, 23. september 2009.

**Kristján L. Möller** samgönguráðherra.

---

*Guðmundur Bjarnason,*  
*formaður ráðgjafarnefndar.*

### **Áritun endurskoðenda.**

Til samgönguráðuneytis og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

#### ***Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.***

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

#### ***Ábyrgð endurskoðenda.***

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

#### ***Álit.***

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2008, efnahag 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 23. september 2009.

**Sveinn Arason** ríkisendurskoðandi.

---

*Sigurgeir Bóasson*  
endurskoðandi.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2009